

Nd.

333. Nefndarálit

[76. mál]

við frv. til l. um veitingu ríkisborgararéttar.

Frá allsherjarnefnd.

Til þess að tryggja, að samræmis gætti um afgreiðslu þessa frv. milli deilda þingsins, hvarf nefndin að því ráði að fela 4 þingmönnum, tveimur úr allsherjarnefnd hvorrar deildar, að athuga ásamt skrifstofustjóra Alþingis frv. svo og allmargar umsóknir um ríkisborgararétt, sem Alþingi hafa borizt.

Að þeirri athugun lokinni varð nefndin sammála um að leggja til, að frv. yrði samþykkt með þeim breytingum, sem hún flytur á sérstöku þingskjali.

Eins og tíðkamt hefur á nokkrum undanförunum þingum, hafa verið hafðar til hliðsjónar reglur þær, sem upphaflega voru settar af allsherjarnefndum beggja þingdeilda í nefndaráliti frá 17. marz 1955.

Í meðförum allsherjarnefnda beggja deilda hafa reglur þessar síðan verið gerðar nokkru fyllri, og reglu nr. 5, sem lýst er hér á eftir, um veitingu ríkisborgararéttar þeim Íslendingum, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, hefur síðan verið bætt við.

Reglurnar eru þannig:

1. Umsækjandi hafi óflekkað mannorð og sé að álitu tveggja valinkunnra manna starfshæfur og vel kynntur, þar sem hann hefur dvalizt.
2. Útlendingar, aðrir en Norðurlandabúar, skulu hafa átt hér lögheimili 10 ár, Norðurlandabúar 5 ár.
3. Maður eða kona, sem giftist íslenzkum ríkisborgara, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu frá giftingu, enda hafi hinn íslenzki ríkisborgari haft ríkisborgararétt ekki skemur en fimm ár.
4. Erlendir ríkisborgarar, sem eiga íslenzkan föður eða móður, fái ríkisborgararétt eftir þriggja ára búsetu, ef annað foreldri er Norðurlandabúi, annars eftir fimm ár.
5. Íslendingar, sem gerzt hafa erlendir ríkisborgarar, fái ríkisborgararétt eftir eins árs búsetu.
6. Íslenzk kona, sem misst hefur ríkisfang sitt við giftingu, en hjónabandinu er slitið og hún hefur öðlazzt heimili hér, fái ríkisborgararétt á fyrsta dvalarári hér, enda lýsi hún yfir, að hún ætli að dveljast áfram í landinu. Sama gildir um börn hennar, sem ekki hafa náð 16 ára aldri og henni fylgja.

Þeir 19 karlar og þær 13 konur, sem eru talin í töluliðum 1—32 í frv. þessu, og þeir 2 karlar og 6 konur, sem talin eru í breytingartillögum nefndarinnar, fullnægja þeim skilyrðum, sem greind eru hér að framan, að dómi nefndarinnar, en aðrir umsækjendur ekki. Sér nefndin sér því ekki fært að mæla með, að þeim verði veittur íslenzkur ríkisborgararéttur að svo stöddu.

Alþingi, 19. apríl 1960.

Einar Ingimundarson,
form., frsm.

Sigurður Ingimundarson,
fundaskr.

Gunnar Jóhannsson.

Alfreð Gíslason. Björn Fr. Björnsson.